

Öræfin

Margrét Ólafsdóttir

Margrét Ólafsdóttir

Hér ein ég reika' um ör - æf - ann - a
7
slóð - ir, hve auð - ur þeir - a gleð - ur mín - a sál. Mig
13
fýs - ir ekki' að finn - a aðr - ar þjóð - ir, mín freist - ar ekk - i heims - ins glys og
19
þrjál. Í nátt - úr - unn - i mátt - ar - völd - in mæt - ast og
25
miðl - a okk - ur því sem líf - ið bjó. því er það víst að all - ir draum - ar
31
ræt - ast í ör - æf - ann - a djúp - u kyrrð og ró

Hér sérðu bæði merki elds og ísa
og yndisfagurt blóm í hvammi grær.
Í fjarlægðinni fjöllin tigin rísa
og freðin jökulkinn mót sólu hlær.
Af lágum stalli lækjarbuna seytlar
og lífið gefur ungru burnirót,
í bergið harða merki sitt hún meitlar,
hún megnar bæði' að sverfa urð og grjót.

Já lækjarbunan litla mér það kenndi
að lúta því sem viðkvæmt er og smátt,
að gjafir þær er sjálfur Guð oss sendi
í sameind lífsins allar taka þátt.
Og hvað sem ævin kann að bera' í skauti
mig kalla til sín hraun og fossagnýr,
því betra ekkert fæ að förunauti
en friðinn sem í öræfunum býr.